

Fundargerð stjórnarfundar

Fundur stjórnar Norðurár bs haldinn á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar þriðjudaginn 8. desember 2009 kl:13:00

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E Einarsson og Vignir Kjartansson. Einnig sátu fundinn Margeir Friðriksson, fjármálastjóri Svf. Skagafjarðar og Gunnar Svavarsson frá Verfræðistofunni EFLA

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samningur við Flokkun Eyjafjörður ehf.
3. Rekstrarmódel, kostnaðarmat og tímaáætlun vegna urðunarstaðar
4. Fjármál - lántaka
5. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundum þann 6. september lögð formlega fram og undirrituð.

2. Samningur við Flokkun Eyjafjörður ehf. (FE).

Gunnar Svavarsson lagði fram endurbætt drög að samningi Norðurár bs., við Flokkun Eyjafjörður ehf., dagsett 01.12.2009. Var Gunnari og Magnúsi falið að vinna úr þeim athugasemdum sem fram komu og koma síðan á formlegan fund með forsvarsmönnum Flokkun Eyjafjörður ehf. með stjórn Norðurár bs. um samningsdrögin. Fundarmenn lögðu áherslu á að klára málið sem fyrst, helst nú í desember.


Sérstaklega var fjallað um 5. grein samningsdraganna þar er kveðið er á um að urðunargjald fyrir Flokkun Eyjafjörður ehf., verði 7,5 kr./kg án vsk., sem miðast við grunngjald með 10% álagi. Þessi tala miðast við urðun á 7.000 tonnum að meðaltali á ári yfir samningstímann. Forsendur útreiknings á urðunargjaldinu er framlögð Rekstrar- og tímaáætlun frá 23.11 2009 unnin af Verfræðistofunni EFLU en þar var reiknað með að meðaltali 8.000 tonnum til urðunar á ári.

3. Rekstrarmódel, kostnaðarmat og tímaáætlun vegna urðunarstaðar.

Gunnar fór yfir einfaldað rekstrarmódel og tímaáætlun, dagsett 23.11.2009. Í samantektinni kemur fram vegna framkvæmdarinnar:

- Áætlaður stofnkostnaður.
- Árlegur fastur rekstarkostnaður.
- Lántökur og fjármagnskostnaður.
- Rekstrarmódel fyrir urðunar staðinn.
- Tíma- og verkáætlun fram að opnun.

Umráður urðu um framlögð gögn en ekki voru gerðar sérstakar athugasemdir.



4. Fjármál - lántaka

Margeir gerði grein fyrir fjárhagsstöðu Norðurá bs., og sagði að búið væri að fjármagna reksturinn nú með samningi við banka. Einnig hefur fengist staðfesting frá skattstjóra á að félagið megi nýta sér allan innskatt til frádráttar árið 2009, þrátt fyrir að engar tekjur komi inn á félagið fyrr en á árinu 2010. Á grundvelli samþykktar á eigendafundi Norðurá bs. 15. Júní 2009 og staðfesta heimilda frá sveitarstjórnnum eftir það samþykkir stjórnin að sækja um allt að 350 milljón króna lán til Lánasjóðs sveitarfélaga til að fjármagna undirbúning og uppbyggingu urðunarstaðarins. Lánið mun endurgreiddast með móttökugjöldum fyrir sorp á næstu 10 árum.

5. Önnur mál

Rætt um næstu skref. Tímaáætlun verksins kemur fram í framlögðu rekstarmódeli en til viðbótar því þarf að klára samninginn við Flokkun Eyjafjörður ehf, ganga frá umsókn um lán til Lánasjóðsins og halda eigenda fund Norðurá bs., ásamt opnum kynningarfundum á Frummatsskýrslunni í janúar 2010.

Magnús fór yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaða veglagningu. Eftir heimsókn hans til Magnúsar Vals hjá Vegagerðinni í Borgarnesi hafa hönnuðir frá Vegagerðinni komið og skoðað mögulegar lausnir. Magnúsi falið að vera áfram í sambandi við Vegagerðina um framgang málsins.

Fundi slitið kl. 16:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson